

Leikskólinn Skerjagarður

Starfsáætlum

2023 – 2024



Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
gleði | frumkvæði | sköpun

Efnisyfirlit

1. Leikskólinn Skerjagarður.....	3
1. Leiðarljós leikskólans	3
2. Greinargerð leikskólastjóra	4
3. Innra og ytra mat Skerjagarðs fyrir 2022-2023	8
1. Innra mat	8
2. Ytra mat	9
4. Innra mat deilda	11
1. Ból	11
2. Bakki	13
5. Innra mat sérkennslu.....	15
6. Innra mat – fjöltyngd börn	17
7. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
9. Foreldrasamvinna.....	23
10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
11. Fylgigögn.....	24
12. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	24

1. Leikskólinn Skerjagarður

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Rekstraraðilar eru Sólís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson. Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla.

Leikskólinn Skerjagarður er tveggja deilda. Á síðasta skólaári voru 52 börn í skólanum, öll í heilsdagsvistun. Á Bóli sem er yngri deildin eru börn á aldrinum átján mánaða til tveggja og hálfis árs. Á Bakka sem er eldri deildin eru börn á aldrinum tveggja og hálfis árs til sex ára.

Á Skerjagarði er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira. Það sem einkennir okkur á Skerjagarði er að við leggjum okkur fram við að skoða okkur í starfi, taka framförum og höfum metnað til að gera faglegt starf betra. Leikskólastjórar Skerjagarðs eru Sólís Harðardóttir og Guðfinna Kristjánsdóttir.

1. Leiðarljós leikskólans

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“. Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi



2. Greinargerð leikskólastjóra

Á síðasta skólaári unnum við markvist eftir umbótaáætlun ársins á undan. Skólaárið fór vel af stað og engar breytingar í starfsmannahópnum. Starfið hefur einkennst af mikum metnaði og fagmennsku. Við fléttum okkar kennsluhætti við grunnþætti menntunar. Við teljum okkur vera góð í skapandi starfi, unnið var með hugmyndir barnanna, þau komu með tillögur að verkefnum sem voru framkvæmdar.

Við gerðum okkar besta við að meta starfið jafnóðum og lögðum áherslu á það í vetur. Við veltum því fyrir okkur hvernig væri best að virkja starfsfólk og að það finni sig öruggt í starfi. Þannig náum við að gera starfið faglegra og að allir finni að þeir skipta máli í leikskólastarfinu.

Stjórnendur skólans fóru á námskeið í stjórnun á vegum menntafléttunar sem hefur styrkt þá í starfi. Það eru ör/teymisfundir með starfsfólki eða hópstjórum, þar sem við förum yfir starfið og barnahópin. Hvernig gengur og hvernig er virknin í barnahópnum. Hvernig gengur kennurum að halda utan um viðfangsefnið og skrá. Kom þetta sérstaklega vel út að hafa fundi og fara yfir það sem við erum að gera hverju sinni. Það verður sannarlega unnið með það áfram, gerir kennslu skemmtilegri og einstaklingsmiðaðri og starfsfólk verður ánægðara í vinnu.

Á starfsdegi í maí þegar við vorum að meta starfið kom það skýrt fram að starfsfólki finnst gott að fá tíma til að fara í undirbúning og halda utan um verkefni frá byrjun til loka.

Leggjum við áherslu á lýðræði og að raddir barnanna fái að heyrast. Gaman hvað tókst vel að vinna út frá umbótaþætti síðasta árs. Við ákváðum að taka umbótaþátt á síðasta skólaári út frá niðurstöðu af mati barnanna. Þau vildu hafa meira um að segja hvernig matartímum er háttað. Það kom skýrt fram hjá þeim að þau vilja ráða hvar þau sitja í matartíma og hafa almennt meira frelsi þar. Við byrjuðum að hafa hlaðborð í matsalnum í haust. Gaman hvað það tókst vel og umræður við borðin voru skemmtilegri á milli barnanna, meira sjálfstæði og gleði. Við höfðum fundi með börnunum eftir smá reynslutíma. Dásamlegt hvað þau voru ánægð með matartímana og stolt af sér að gera þetta sjálf. Það er gott fyrir barn að sjá að það hefur áhrif á kringustæður sínar, ræður hvar það situr og hvað það velur sér og hvað það borðar. Þeim finnst gott að sýna ábyrgð, ganga frá eftir sig, þrifa og gera fínt eftir matartímann eins og þau segja. Það má segja að allt gekk upp. Núna í vor var metið með börnunum hvernig gekk, þau er glöð með fyrirkomulagið eins og það er núna. (sjá viðhengi)



Okkur tókst ágætlega með að vinna eftir umbótaþætti síðasta árs. T.d málörvunnar verkefnið „Lubbi finnur málbein“ gekk ágætlega og tókst að samræma almenna notkun Lubba á báðum deildum.

Verkefnastjórar tóku saman efni, gerðu áætlun og fylgdu því eftir inn á deild. Það kom vel út og sýnir að það er gott að dreifa ábyrgð á milli starfsmanna. Því eru verkefnastjórar sem ætla að fylgja þessu eftir á hvorri deild. Eins verður endurskoðað hvernig við höfum unnið með Lubba og verða því einhverjar breytingar þar á út frá matinu. Gaman hvað starfsfólk er alltaf til í að endurskoða og skoða sjálft sig og starfið með börnunum, verðum að gefa starfsfólkinu tækifæri til þess. Við teljum að það sé hægt að gera mun meira með Lubba sem málörvunarverkefni, við stefnum á það á næsta skólári. Við þurfum að sníða verkefni betur eftir aldri barnanna. Það voru margar góðar hugmyndir sem komu fram á starfsdegi í vor.



Ákveðið var að vinna með ákveðin viðfangsefni í samverustund og unnið með þau í ákveðin tíma. Valin voru sönglög og bækur, starfsmenn voru undirbúin fyrir stundirnar. Starfsfólk á yngri deild voru dugleg að taka saman námsefni. Á yngri deildinni vildum við leggja áherslu á að vinna með málörvun í öllu okkar starfi, við teljum það almennt gott fyrir barnahópinn enda eru þetta börn á máltöku aldrinum. Í mati okkar kennarar var talið að við þurfum að ýta undir málþroska barna, við vorum með örfundi og kynningar hvernig megi efla málþroska barna. Skoðuðum vef hjá miðju -máls og læsis. Keypt var námsefni sem hægt er að nota í málörvun. Útbúin var



málörvunartaska sem fer á milli deilda. Eins þurfum við sérstaklega að að leggja okkur fram við að skilja börnin og koma til móts við þarfir þeirra sem eiga erfitt með tjá sig. Á starfsdegi í vor var fyrirlestur um málþroska ungra barna.

Við leggjum áherslu á læsi hér á Skerjagarði, við erum alltaf með bókaviku í hverjum mánuði. Bókavikan skilaði sér vel heim til barnanna því þau koma með bækur í skólann og var lestur bóka meiri en verið hefur. Lesið var reglulega yfir daginn og voru bækur til dæmis skoðaðar yfir morgunmatnum. Við teljum bókavikuna vekja áhuga hjá börnunum um lestur bóka og skapar umræður milli barna og starfsfólks.

Deildarstarfið á Bóli sem er yngri deild skólans fór vel af stað. Aðlögun nýrra barna gekk vel. Skapandi starf á síðasta skólári var gott á Bóli, starfsmenn voru áhugasamir og virkir í starfi með

börnunum. Unnið var í myndsköpun og með skapandi efnivið. Listaverk barnanna voru sett upp á vegg og skemmtilegar skráningar í ferlinu voru sýnilegar. Allir starfsmenn deildarinnar sáu um skráningu. Starfsfólk var ánægt að fá tíma til að klára skráningu og ákveðna verkefnavinnu. Leikurinn er allsráðandi á Bóli og auðvitað opin efniviður. Börnin fá tækifæri til að kanna og rannsaka umhverfi sitt. Það sem við erum með í umbótaráætluninni á Bóli á næsta skólaári er að vinna með uppeldislega skráningu í leik barna og uppgötvunarnám. Mikilvægt er að meta hvernig við viljum hafa skráninguna, hvað við setjum í ferilsbækurnar og samræma vinnuaðferðir okkar.



Deildarstarfið á Bakka (eldri deild skólans) fór vel af stað á þessu skólaári. Hugmyndavefur og markmið voru strax skýr í upphafi. Upphafið var að börnin höfðu mikinn áhuga á styttni í fjörinni eftir Ólöfu Nordal. Það vakti áhuga hjá þeim að stundum gátum við gengið að styttni en stundum var sjór hjá henni. Þetta vakti upp spurningar, af hverju var þetta ekki alltaf eins og af hverju höfðu þau aldrei séð lifandi Geirfugl. Það var farið á bókasafn og upplýsinga leitað á netinu, myndir teiknaðar og unnið í jarðleir. Farið var á landnámssýninguna í Aðalstræti, sem þeim fannst mjög áhugavert. Þannig komumst þau að því að Geirfuglinn er útdauður, vegna ofveiði. Einnig leituðu börnin svara á spurningunni um flóð og fjöru og komust að því með aðstoð kennara að afstaða tungls og sólar ræður því hvenær er flóð og fjara. Síðar í vetur komust börnin að því hversu veðrið og sjórinn geta verið öflug. Viðfangsefnið fléttaðist inn í allt starf og leik barnanna. Í þessu verkefni var mikil samvinna og lýðræði var allsráðandi eins og alltaf á Skerjagarði. Unnið var með ljós og skugga og í vísindasmiðju þar sem börnin gerðu tilraunir. Auðvitað er síðan leikurinn allsráðandi á Bakka.



Elstu börnin á Skerjagarði taka þátt í Barnamenningarhátíðinni í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Í þessu verkefni læra börnin lög eftir ákveðinn höfund sem tónskólinn velur ár hvert og æfa börnin lögin í leikskólanum, ásamt því að vinna ýmis verkefni í tengslum við lögin. Í ár voru tekin fyrir lög Ragnhildar Gísladóttur. Með því að taka þátt í þessu verkefni gefst tækifæri til að flétta saman tónlist, skapandi starfi, málörvun, hugrekki, framkomu og heimspeki, sérstaklega þegar við krifjum textana. Börnin fóru í heimsókn í tónskólann og æfðu lögin við undirspil barna í tónskólanum. Þau fengu líka kynningu á hljóðfærum. Verkefninu lýkur með tónleikunum þar sem



foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum er boðið. Á þessum degi fara börnin út að borða saman.

Umbótaþátturinn á Bakka á næsta skólaári verður að skoða og þróa flæði, börnin fá meira frelsi til að velja sitt viðfangsefni, leiksvæði og hvar þau sitja í samverustund. Eins hvaða leikefni er á hverju svæði. Þessi þáttur kom skýrt fram hjá börnunum þegar þau voru fengin til að meta starfið í vetur. Því ætlum við nýta okkur þessa þætti í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. (sjá viðhengi)

Næsta skólaár stefnum við á að taka þætti fyrir í skólanámskrá, endurskoða, betrubæta, aðlaga hana að stefnu, hugmyndafræði og út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skólanámskráin er alltaf í endurskoðun.

Það er gott fyrir barn að sjá að það hefur áhrif á kringumstæður sínar í skólanum, hvernig þau vilja hafa nám sitt. Við á Skerjagarði erum sterk í því að meta með börnunum, með umræðum og skoða skráningu hjá börnunum. Það er líka þannig í leikskólalífi að það er alltaf verið að meta, því breytist líka umbótaáætlun sú sem hefur verið gerð, eins og hjá okkur sem er nauðsynlegt, gerir okkur að betra fagfólki og starfið verður metnaðarfullra.

Skólaárið var gott hér á Skerjagarði, á starfsdegi í vor kom skýrt fram hjá starfsfólki skólans að það var ánægt með veturinn. Allir höfðu hlutverk og leið vel í starfi, jákvæðni var í fyrirrúmi. Það hefur verið mikill metnaður í skólanum og allir að leggja sig fram við hafa skólastarfið faglegt og að öllum í skólasamfélaginu líði vel. Við hlökkum til næsta skólaárs.



3. Innra og ytra mat Skerjagarðs fyrir 2022-2023

1. Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun Leiðbeiningarviðtölin og sníða þau betur eftir starfinu í dag og ólíkri reynslu starfsmanna.	Farið yfir á fagfundum, með stjórnendum skólans	Deildarstjórar og aðrir stjórnendur skólans	Öryggi fyrir alla stjórnendur skólans að vera með leiðbeiningarviðtöl og þau sníðin að deildum og aldri barna.
Uppeldis og menntastarf: Lubbastundir og lubbakassar	Á deildarfundum, fagfundum og örfundum með hópstjórum. Einnig með spurningalista fyrir allt starfsfólk skólans á starfsdegi. (Sjá fylgiskjal)	Allir starfsmenn skólans.	Stundirnar gengið vel og starfsfólk heldur vel utan um stundirnar og finnst það öruggt. Málhljóðin verði aldursflokkuð fara eftir málhljóðastiganum. Nota kassana meira og tengja málhljóðunum sem verið er að vinna með hverju sinni. Hafa heimaverkefni fá foreldra með í lið. Vinna með málhljóðin í umhverfinu og einnig til dæmis segja sögur eða finna málhljóð í sögum.
Mannauður/leikskólabragur. Jákvæð samskipti.	Á starfmannafundum.	Allir starfsmenn skólans	Allir hafa rödd og tækifæri til að tjá sig svokallaðar hringumræður. Fólk ánægt með þetta fyrirkomulag og fá tækifæri að tjá sig.
Skráning í starfinu	Á skipulagsdegi með umræðum í hópum. Svaraði spurningum (Sjá fylgiskjal)	Allir starfsmenn skólans	Samræma vinnuaðferðir í skráningu til dæmis afmælisskráning uppeldisleg skráning og ferilsskráning. Uppsetningu og spurningar. Hafa gátlista(sjá fylgiskjal)

2. Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Könnun á viðhorfum foreldra barna í leikskólum borgarinnar. Frá skóla og frístundasviði	Á netinu sent með tölvupósti til foreldra	Foreldrar	Niðurstöður liggja ekki fyrir.

Okkur finnst okkur hafa tekist vel til með umbótapætti síðasta árs sem hægt er að sjá með innra mati skólans. Stjórnendur skólans fóru á frábært námskeið hjá menntafléttunni um stjórnun sem nýttist okkur vel. Við settum af stað örfundi sem reyndust vel og skiluðu betri árangri og betri líðan starfsmanna í starfi. Við ætlum okkur að halda áfram með þessa fundi og hvetja fólk til þess að meta sig í starfi.

Að taka inn nýtt námsefni eins og Lubbi finnur málbein krefst vinnu og utanumhalds og því höldum við áfram á næsta skólaári að þróa og bæta í því starfi. Mun meiri áhersla verður á málörvun í öllu okkar starfi, tengja málörvun við þemaverkefni og hafa skráningu sýnilega af daglegu starfi upp á vegg til að skapa umræður.

Í innra mati skólans kom fram að fólk vildi fá samræmi í skráningar hjá börnunum. Það á bæði við hvað er verið að skrá, hvernig skráum við, af hverju og hafa gátlista yfir útlit ferilsbóka og skráninga.

Umbótaáætlun Skerjagarðs 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Örfundir	Umræðue fni tilbúið fyrirfram.	Kynna fyrir starfsfólki fyrirfram hvað á að taka fyrir á umræðufundun	Stjórnendur skólans ásamt sérkennslustjóra og deildarstjórurum	Haust 2023	Haust 2024	(könnun,rýnihópur, safna gögnum) Þar til gerð eyðublöð fundargerðir	Starfsfólk sé betur upplýst og taki virkari þátt í starfi skólans hafi rödd og líði betur og eykur stafsánægu. Það fær undirbúning til að verða betra í starfi.
Uppeldis- og menntastarf							
Málörvun	Flétta málörvun í allt okkar starf og fólk sé upplýst hvað málörvun skiptir miklu máli.	Fyrirlestur um mikilvægi málörvunar í starfinu. Við ætlum að flétta málörvun inn í þema og hafa innihaldsríkar samverustundir. Hafa áætlun um það viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.	Stjórnendur og allt starfsfólk skólans	Vor 2022	Haust 2024	Umræður á deildarfundum, skráningarblað sýnileg skrifleg áætlun.	Að við sjáum í starfi að starfsfólk fylgi áætluninn í eftir.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Ferilsbækur hvað skráum við, hvernig og af hverju	Hópstjórar geti gert skráningu með sínum hóp.	Hafa gátlista fyrir starfsfólk hvernig, hvað og af hverju við skráum. Fyrirlestur á starfsdegi í haust	Stjórnendur deildarstjórar fylgja þessu eftir og hópstjórar framkvæma skráningarnar .	Vor 2023	Haust 2024	Gera gátlista og kynna á örfundum fara yfir ferilsbækur og rýna í skráningar.	Hópstjórar sýna ábyrgð og eru upplýstir um mikilvægi skráningar í starfi.

4. Innra mat deilda

1. Ból

Ból sem er yngri deild leikskólans vinnur eftir hópa og svæðaskiptingu þar sem hver aldurshópur hefur ákveðin hópstjóra sem ber ábyrgð á sínum hóp hvað varðar verkefnavinnu, samverustundir, útiveru og fleira sem fellur til hverju sinni. Það var einn umbótaþáttur síðasta árs að gera vinnu barnanna á deildinni sýnilegri með ljósmyndaskráningu og fá hópstjóra til að bera ábyrgð á þeirri vinnu fyrir sinn aldurshóp.



Umbótaáætlun Ból 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
LjósmyndaSkráning	Gera skráningu sýnilegri með börnunum. Fylgjast með námi og leik barna og gera stundirnar sýnilegri foreldrum og kennurum	Í hópastarfi og flæði 1 sinni í viku. Starfsmenn skrái niður upplifun barnanna	Hópstjórar og deildarstjóri fylgir þessu eftir.	Hau st 2022	Hau st 2023	Gera gátlista hvernig skráning við viljum hafa. Hvernig við myndum leik barna. Og hafa fyrirlestur um skráningu næsta haust. Farið yfir á deildarfundum með hópstjórum.	Til verður skráning með hverju barni starfið verður sýnilegra setja myndir upp á vegg 1 sinni í mánuði.

Styrkleikar:

- Starfsfólkið var óhrætt við að prófa sig áfram í nýjum verkefnum hvað varðar ljósmyndaskráningu og að halda utan um verkefni barnanna, fara í tölvuvinnu og gera skráningar fyrir hvert barn. Starfsfólk leitaði til hvors annars og miðlaði á milli sín hugmyndum. Við sem stjórnendur ákváðum að hafa örfundi og fylgja þessu vel eftir. Okkur finnst þetta hafa tekist vel til. Það kom fram á starfsdegi í vor að starfsfólk var ánægt með að hafa fengið tækifæri að fylgja ákveðnu verkefni eftir og starfsmannahópurinn vann vel saman. Fólk skiptist á skoðunum og skoðaði ljósmyndaskráningar fyrri ára, einnig facebook síðu starfsmanna. Starfsfólk var almennt ánægt með vinnu sína í hópavinnunni með börnunum og var óhrætt við að taka myndir og gera vinnu barnanna sýnilega bæði fyrir samstarfsfólk og foreldra

Tækifæri til umbóta:

- Þegar verið var að meta þessa vinnu fannst okkur á deildinni kjörið að gera starfið sýnilegra út frá bæði málörvun og einnig hvernig samskipti og upplifun barnanna eru í leiknum. Því var ákveðið að hver hópstjóri myndi gera eina skriflega skráningu úr starfinu á deildinni. Einnig að gera starfið sýnilegra með því að setja uppeldislega skráningu upp á vegg og einnig myndir úr daglegu starfi sem getur verið grundvöllur fyrir málörvun barna þar sem umræður skapast.

Umbótaáætlun Ból 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ljósmynda og skrifleg skráning	Gera starfið sýnilegra foreldrum og öðru starfsfólki	Hver starfsmaður skráir eina stund. Setja myndir upp á vegg til málörvunar.	Deildarstjóri og leikskólastjóri. Hópstjórar framkvæma .	Ágúst 2023	Maí 2024	Örfundir og gátlistar. Fyrirfram ákveðið skráningar blað.	Skráningar sýnilegar upp á vegg og umræður um skráningar na á örfundum með hópstjóru m.

2. Bakki

Á Bakka sem er eldri deild leikskólans var unnið markvisst með lýðræði í matartímanum og sett var af stað hlaðborð fyrir börnin þannig að þau skömmtuðu sér sjálf og völdu sér sæti. Þessi umbótaþáttur var valinn út frá niðurstöðum í mati barnanna á námi sínu. Við erum reglulega ánægð með þennan umbótaþátt og hvernig tiltókst. Öll deildin tók þátt í að gera starfið sýnilegra með ljósmyndaskráningu og að hver hópstjóri fylgdi verkefnum eftir með sínum hóp, gerði skráningar og fór í tölvuvinnu. Eins var deildin með örfundi sem skiluðu sér vel í þessari vinnu. Það má því segja að Bakki hafi tekið fullan þátt í sama umbótaþætti og Ból var með.



Umbótaáætlun Bakka 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði í matartíma	Börnin skammta sér á diskana og velja sér sæti	Það fara fimm börn í einu niður í matsal og setja á diskana og síðan velja sér sæti. Svo koll af kolli.	Stjórnendur og kennarar deildarinnar	Haust 2022	Haust 2023	Skrá niður hvernig gengur, taka myndir, ræða á deildarfundum, taka viðtal við börnin.	Börnin hafa frelsi varðandi sætisval í matartíma og verða örugg í því að skammta sér sjálf.

Styrkleikar:

- Það gekk vel um haustið og börnin voru tilbúin að fara í þessa vinnu með okkur. Undirbúningur var góður og börnin tóku þátt í að undirbúa matmálstímana. Það var mikil gleði meðal þeirra að setja mat á diskana, velja hversu mikið þau fengu sér á diskinn af ákveðnum fæðutegundum og eins að velja sér sæti. Starfsmenn gerðu skráningu af ferlinu og unnu út frá því. Gaman að segja frá því hversu vel gekk og lítið um árekstra meðal barnanna. Einnig skilaði þessi vinna sér heim til foreldra og þau töluðu um hvað sjálfstæði og frumkvæði barnanna fékk að njóta sín.

Tækifæri til umbóta:

- Við viljum halda áfram að ýta undir sjálfstæði í matartímanum og fara lengra með þessa vinnu með því að þegar barnið er búíð að borða þá má það fara á deildina í hvíld eða rólega stund, í stað þess að bíða eftir að allir séu búnir að borða. Það verður skipulagt á fagfundi í haust.
- Umbótaþáttur fyrir næsta skólaár var tekin út frá mati barnanna á námi sínu í leikskólanum. Það kom skýrt fram að börnin vildu lengri tíma og fá að nýta allan efnivið deildarinnar í flæðinu. (sjá skráningu, fylgiskjal) Út frá mati barnanna fórum við í naflaskoðun og sáum glögglega að við stýrum alltof mikið hvaða efniviður er notaður í leik barna. Því þurfum við að breyta og umbótaþátturinn fyrir næsta skólaár mun því snúast um það. Við teljum að með þessu getum við nýtt svæði deildarinnar betur.

Umbótaáætlun Bakka 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjölbreytt leikefni á svæðum í leik barna í Flæði.	Að börn hafi meiri áhrif á umhverfi sitt og nám.	Fundir með börnunum reglulega. Hlusta á sjónarmið þeirra og koma á mótis við væntingar og langanir.	Stjórnendur og kennarar deildarinnar	Haust 2023	Vor. 2023	Skrá niður hvernig gengur, taka myndir, ræða á fundum, taka viðtal við börnin. Gera gátlista með spurningum til barnanna og annara fyrir kennara og setja niður hvaða efniviður er á hvaða svæði.	Sjónarmið barnanna eru virkt í ákvörðunum þeirra með leikefni skólans. Með því að koma með hugmyndir af efnivið og leik á svæðunum.

5. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla er skipulögð af sérkennslustjóra í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sérkennsluráðgjafi Vesturmiðstöðvar er okkur innan handar við skipulagningu sérkennslu. Unnið er út frá einstaklingsnámskrá og Einstaklingsþjálfun er skipulögð út frá þörfum hvers og eins. Starfsfólk á hvorri deild sjá um sérkennslubörnin undir handleiðslu sérkennslustjóra, lögð er áhersla á litla barnahópa til að huga að menntun án aðgreiningar. Markmið er að hafa litla barnahópa og sérkennslustjóri leiðir teymisvinnu með starfsmönnum hvarrar deildar. Áhersla er lögð á að nýta allar stundir dagsins til málörvunar og þjálfunar í nátturulegum aðstæðunum. Skráning fer fram eftir hverja vinnustund þar sem nýttir eru viðurkenndir listar þegar það á við. Fylgst er með framförum og skráð hvað er gert. Skráning fer fram eftir málörvunarhópa og skólahóp. Skráning er einnig í ferilsbókum þar sem fylgst er með framförum barna, með því að safna teikningum, ljósmyndarskráningu og framsagnir barnanna eru ritaðar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Einstaklingsnámskrá er nýtt sem matsgagn þar sem hverju markmiði er lýst og það skráð þegar því hefur verið náð og þá í kjölfarið nýjum markmiðum bætt inn. AEPS er nýtt til viðmiðunar hjá þeim börnum sem unnið er með eftir áherslum atferlisíhlutunar. Orðaskil er nýtt þegar talin er ástæða til að kanna orðaforða barna. TRAS, er notað þegar grunur vaknar um að þroski barna sé ekki aldursvarandi. EFI-2 er lagt fyrir tvisvar fyrir öll börn á fjórða aldursári, á fyrri helming ársins og seinni. Ef niðurstöður TRAS og EFI-2 eru ekki aldursvarandi eru kallaðir til viðeigandi sérfræðingar og ráðstafanir gerða í kjölfarið. HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn á síðasta ári leikskólagöngunnar. Niðurstöðurnar fylgja þeim í grunnskólann.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Í einstaklings þjálfun og málörvun eru notaðir fjölbreyttir stokkar frá superduper, myndir voru prentaðar út og plastaðar fyrir, sjónrænt skipulag, sérkennslu og fyrir þau börn sem að nýta PECS. Bækur voru keyptar og nýttar, inn á deild, í málörvun og einstaklings þjálfun. Sérstök áhersla var á að kaupa bækur sem að ýta undir orðaforða ungra barna og börn sem þurfa á málörvun að halda. Nýtt er efnið lubbi finnur málbein , Ljáðu mér eyra er notað til að efla hljóðkerfisvitundina hjá þeim börnum sem eru að fara í grunnskóla. Orðagull var keypt til að vinna með í málörvunarhópum. Einnig voru keypt spil til að nýta í einstaklingsþjálfun, leikþjálfun og málörvun. Áskrift af widigtionline var keypt til að auðvelda vinnslu á myndum sem unnar eru fyrir þau börn sem að nýta peccs. EFI-2 málþroskaskimunarmappan var keypt og sérkennslustjóri fór á námskeið</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

- Það gekk vel að vinna með úrbótaáætlun síðasta árs, sérkennslustjóri skipulagði málörvunarhópa í samstarfi við deildarstjóra fyrir þau börn sem þurftu á aukinni málörvun að halda.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinna markvisst með einstaklinga og litla hópa í málörvun.	Vinna betur með málþroska barna.	Aukastundir með málhjóðin Lubbi finnur málbein. Leikum og lærum með hljóðin. Ýmiskonar málörvunar spil.	Sérkennslustjóri/leikskólastjóri.	Sept 2022	Sept 2023	Gátlisti. Farið yfir einstaklingsnámskrá.	Farið hefur verið með börnin 1-2 í viku í skipulagða málörvun.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stuðla að menntun án aðgreiningar	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir og virkir í að huga að kennslu barna með sérþarfir inn á deild.	Starfsmenn vinni eftir markmiðum einstaklingsáætlunar, fá fræðslu, verkfæri og grípi þau tæki færi sem að gefast yfir daginn til að sinna þeim börnum sem þurfa á sérkennslu að halda inn á deildinni í barnahópnum.	Sérkennslustjóri, deildarstjóri og þeir starfsmenn sem að starfa með börnin sem á þurfa á sérkennslu að halda.	Ágúst 2023	Maí 2024	Á deildarfundum fer sérkennslustjóri yfir þau markmið einstaklingsáætlunar sem að vinna á með inn á deildinni. Starfsmenn þekkja einstaklingsáætlarnar og þær eru sýnilegar. Þegar markmiðum er náð er nýjum markmiðum bætt við.	Starfsmenn vinna eftir einstaklingsáætlun og hún er sýnileg inn á deild. Tækifæri eru nýtt yfir daginn til kennslu í barnahópnum. Barnið sýnir framfarir og markvisst er bætt við nýjum markmiðum.

6. Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun, virkri og þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Gögnin sem þarf til að leggja fyrir EFI-2 voru keypt til að skipa fjöltyngd börn á fjórða aldursári. Keyptar voru bækur og spil. Einnig var fjármagn nýtt til afleysingar inn á deildum svo sinna megi reglulegum málörvunarhópum.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Sérkennslustjóri kynnti fyrir öllu starfsfólki skólans á starfsdegi hæfniramma fyrir fjöltyngd börn og aðferðina að gefa 10. Markmiðið var að upplýsa allt starfsfólks skólans um þrjú þrep orðaforða. Grunnorðaforða, millilag orðaforðans og efsta lag orðaforðans. Markmiðið er að allir séu upplýstir um það hvernig það getur með markvissum hætti hugað að því að efla öll lög orðaforðans hjá fjöltyngdum börnum. Málörvunar teymi er starfandi í skólanum sem sérkennslustjóri leiðir. Teymið hittist á 6 vikna fresti þar sem farið er yfir leiðir til að efla grunnorðaforða og hvernig megi dýpka hann. Síða Miðju máls og læsis er nýtt sem uppspretta á teymisfundunum og ákveðin málefni tekin fyrir hverju sinni</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforða barna með því að ákveðin eru þemu fyrir samverustundir í læsisteyminu. Sem dæmi dýrin, þá eru bækur um dýrin lesnar, lög sungin og starfsfólk hvatt til að kom inn í leik barnanna með það að markmiði að dýpka orðaforða þeirra. Starfsfólk er meðvitað að með því að hafa sameiginlegt yfirsýn í ákveðin tíma erum við að vinna með öll lög orðaforðans. Læsissteymið sér svo um að halda utan um skráningar og veita starfsfólki stuðning. Passað er upp á endurtekningar og börnin læri þulur og söngva. Lestur bóka er reglulegur og við nýtum svokallaða sögukassa til að efla orðaforðann enn frekar. Hvetjum börnin til þátttöku í sögunum.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>EFI- 2 er lagt fyrir öll fjöltyngd börn. Ef börn koma illa út úr þeirri skimun er gripið til viðeigandi ráðstafana. Með markvissri málörvun eða ráðleggingar og aðstoðar frá sérfræðingum um framhaldið. Reglulegir málörvunarhópar eru haldnir sem að sérkennslustjóri heldur utan um og skrásetur framfarir barnanna. TRAS er nýtt þar sem fylgst er með þroska barnanna einnig styðjumst við, við orðaskil . einnig eru nýttar ferilsbækur til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Samverustundir eru sérstaklega nýttar til málörvunar þar sem starfsfólk fær tíma til að undirbúa sig og námsefnið er sniðið af aldri og þörfum barnanna og lögð er áhersla á að fá börn séu í hóp í samverustundum. Áhersla er á að setja orð á allar athafnir dagsins. Sérstaklega í stundum þar sem unnið er maður á mann með börnunum, í fataherbergi, matartíma, litlum hópum í samveru, salernisferðum, á skiptiborði, og allstaðar sem tækifæri gefst til. Börnin eru hvött til virkrar þátttöku í starfi sínu með því að koma á framfæri óskum sínum og löngunum, til dæmis velja þau öðruvísi daga og reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir hvers og eins. Í sameiningu velja þau sér viðfangsefni/þemaverkefni vetrarins og hafa frjálssar</p>

	hendur í þekkingaleit sinni undir handleiðslu kennara. Í frásagnartíma fær hvert barn tækifæri til tjáningar og með því að starfsfólk nýti aðferðina að gefa tíu er enn betur hugað að því að ýta undir orðaforða, málskilning, tjáningu frásögn og hlustun fjöltyngdra barna. Skráningar sem gerðar eru í sambandi við samverustundirnar eru nýttar til að huga að öllum þáttum máls og læsis. Með ljósmyndaskráning í ferilsbækur er hugað að áhuga, styrkleikum og löngunum hjá hverju barni.
--	--

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

- Lubba stundir eru markvissari og vel gekk að innleiða lubbakassana sem að gera máhljóðin áþreifanlegri eins og stefnt var að í síðustu umbótaráætlun.
- Starfsfólk er farið að tileinka sér aðferðina „Gefðu 10“ Aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn. Starfsfólk er einnig farið að nýta þau tækifæri betur til málörvunar samtals þegar unnið er með barni maður á mann.

• Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10 til að auka samtal og samskipti við fjöltyngs börn.	Starfsmenn eigi frumkvæði að samskiptum og samræðu við börnin. Gefa 10 daglega eða 2 sinnum fimm.	Vinna með barninu í flæði/fataklefa Allir starfsmenn skólans nota og styðjast við leiðbeiningarþæklings gefðu 10.	Stjórnendur skólans leiða kynningu og verkefnið.	Sep t 2022	Sep t 2022	Skráð á skráningarblaði. Hverjir (börn og starfsfólk) gefa og fá „10,, Metið á deildarfundum einu sinni í mánuði. Myndræn skráning skoðuð út frá samskiptum barna.	Starfsmenn þekki Gefðu 10 og hafa tileinkað sér það í starfi. Að starfsmenn skrá á skráningarblöð og sjái árangur. Að starfsmaður sýni frumkvæði í samskiptum við barnið.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að huga markvíst að því að efla þrú lög orðaforðans hjá fjöltyndum börnum.	Tækifæri eru gripin í aðsæðunum yfir dagirn og les- og samverustundir eru nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Sérkennslustjóri kynnir fyrir öllu starfsfólki skólans á starfsdegi hæfniramma fyrir fjöltingd, börn, þrú þrep orðaforða. Grunnorðaforða, millilag orðaforðans og efsta lag orðaforðans. Aðferðina að gefa 10. allir er upplýstir um það hvernig þeir geta með markvissum hætti hugað að því að efla öll lög orðaforðans hjá fjöltungdum börnum.	Sérkennslustjóri, Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Ágúst 2023	Mái 2024	Starfsfólk fær tíma og aðstoð til að undirbúa samverustundir til að finna efni sem að eflir öll lög orðaforðans. Farið er yfir með stafsólk hvernig gangi og ráðgjöf á deildarfundum.	Allir eru upplýstir um hvernig þeir geta gripið tækifæri í aðsæðunum yfir dagirn nýtt og les- og samverustundir til þess að dýpka orðaforða fjöltingdrabarna?

7. Starfspróunarsamtöl og fræðsla

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að huga markvisst að því að efla þrjú lög orðaforðans hjá fjöltyndum börnum.	Tækifæri eru gripin í aðstæðunum yfir daginn og les- og samverustundir eru nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Sérkennslustjóri kynnir fyrir öllu starfsfólki skólans á starfsdegi hæfnirama fyrir fjöltyngd, börn, þrjú þrep orðaforða. Grunnorðaforða, millilag orðaforðans og efstalag orðaforðans. Aðferðina að gefa 10. allir eru upplýstir um það hvernig þeir geta með markvissu mætandi hugað að því að efla öll lög orðaforðans hjá fjöltyngdum börnum.	Sérkennslustjóri, Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Ágúst 2023	Máí 2024	Starfsfólk fær tíma og aðstoð til að undirbúa samverustundir til að finna efni sem að eflir öll lög orðaforðans. Farið er yfir með starfsfólki hvernig gangi og ráðgjöf á deildarfundum.	Allir eru upplýstir um hvernig þeir geta gripið tækifæri í aðstæðunum yfir daginn nýtt og les- og samverustundir til þess að dýpka orðaforða fjöltyngdra barna?

Við á Skerjagarði leggjum áherslu á lýðræðislegt samstarf og að allir hafi rödd, hugmyndir allra í skólasamfélaginu skipta máli. Lögð er áhersla á umræður um uppeldi og nám barna í öllum starfsmannahópnum. Starfsþróunarsamtal fer fram einu sinni á ári og fá starfsmenn punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fóru fram í mars-apríl. Leiðbeiningarviðtöl eru á fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð. Stjórnendur skólans fóru yfir leiðbeiningarviðtölin og að sníða þau eftir reynslu nýrra starfsmanna og deildunum. Við erum að vinna í því en það þarf meira en eitt skólaár til að fullklára það. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi. Deildarstjórar hafa lagt sig fram um að hrósa starfsfólki sínu og hvetja þau til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott.



Í starfsþróunar- viðtölunum kom það skýrt fram að starfsmenn fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Eins kom vel fram að starfsfólk hefur áhuga á að sækja ýmis námskeið t.d sem tengjast málörvun barna og skapandi starfi. Eins talaði starfsfólk um að þeim finnst gott að fá að stjórna ákveðnum verkefnum og fylgja sínum barnahóp út skólaárið. Fannst þeim fá góðan stuðning frá deildarstjórum og saman fundu þau undirbúningstíma fyrir starfsfólkið á deildinni. Kom sérstaklega fram að mikil samvinna sé á deildum. Finnst starfsfólki mikilvægt að hafa deildarfundir reglulega, til þess að gera faglegt starf betra og það sé öruggara í starfi. Eins eru örfundir, starfsfólk er ánægt með það, það vinnur betur saman og veit sitt hlutverk.

Símenntun á síðasta ári.

- Miðju máls og læsis, 3 Kennarar.
- Skyndihjálp allur skólinn, 13 starfsmenn
- Námsferð Brighton, storytelling og Floorbook, 9 starfsmenn.
- Menntafléttan „Vísindasmiðjur með yngstu börnum í leikskóla“.
- Blænámskeið, 3 starfsmenn.
- Vísindasmiðja fyrir yngstu börnin, 3 starfsmenn
- Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik, 1 starfsmaður
- Vinnuréttur og kjaramál. Einn kennari.
- PECS Myndrænt Boðskiptakerfi, 2 kennarar.
- Fyrirlestur um málþroska barna á starfsdegi, allur skólinn
- Menntafléttan „Forysta um nám og styðjandi menningu“.

Áætlun um símenntun í leikskólanum.

Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaáætlun á hverju ári. Starfsþróun leikskólans fyrir næsta skólaár erum að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem tengist starfi leikskólans.

- Náttúruleg kennsla, Ráðgjafa og greiningarstöð.
- Leiklist og jákvæð samskipti.
- Menntafléttan, Málörvun með söng og sögu.
- Heimsókn á aðra leikskóla kynna sér útikennslu og matarmenningu.
- EECERA- 2023, 3 kennarar.

8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna er á milli leik og grunnskóla, aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning milli skólastiga. Börnin fóru í heimsóknir í Melaskóla, sjá töflu.

Sérkennslustjóri fór á skilafund vegna barns sem þarf á stuðning og sérkennslu að halda í grunnskólanum.

25. apríl klukkan 8:45-12:00	Börnin kynnst Bókasafni skólans, Selinu frístund og fara í Íþróttatími með fyrsta bekk.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
30. maí Skilafundur klukkan 10:30-10:45. Vegna barns sem þarf stuðning og sérkennslu í Melaskóla haust 2023	Umsögn um hvaða úrræði hafa reynst barninu vel á Skerjagarði. Skrifleg skýrsla á eyðublaði frá Reykjavíkurborg, upplýsingar milli leikskóla og leik-grunnskóla.	Melaskóli.	Sérkennslustjórar beggja skólastiga, aðstoðarskólastjóri, sérkennsluráðgjafir Vesturmiðsstöðvar Reykjavíkurborgar á leik- og grunnskólastigi. Forstöðumaður frístundaheimilis selsins.

9. Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðamenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september.

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Sandra Ýr Dungdal formaður
- Guðrún Helga Kristjánsdóttir gjaldkeri.
- Telma Magnúsdóttir meðstjórnandi.
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Iðunn Svala Árnadóttir meðstjórnandi .
- Auður Karítas Ásgeirsdóttir meðstjórnandi.
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið. Foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum t.d jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi 6. maí gaf foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð. Eins var farið í sveifaferð 9. júní , með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans, farið var á Hraðastaði. Foreldrafélagið sér um rútuna. Foreldrafélagið var með skyndihjálparnámskeið fyrir foreldra um leið og það hélt aðalfund foreldrafélagsins.

Upplýsingagiöf.

Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn. Eins er ömmu og afakaffi eftir áramót. Þessar uppákomur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnst, skiptast á skoðunum og sameinar alla aðila um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, Karellen fyrir foreldra, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflum í fataklefum. Einnig hefur foreldrafélagið verið með í ráðum ef einhverjar breytingar verða á skólastarfi, þá er það lagt undir foreldraráðið.

Foreldrafundir og foreldraviðtöl

- Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra. Þar sem við kynnum fyrir þeim starfið á Skerjagarði og hvernig þátttökuaðlögun er háttað. Væntingar foreldra til leikskólans eru ræddar ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um barnið. Það er gert í lok maí og byrjun júní.
- Foreldrakynning á báðum deildum er að hausti, í september, þar sem starfið og starfsfólk er kynnt. Foreldraviðtöl eru tvisvar á starfsári að hausti og vori.

10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal. Þar kemur fram að skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólum.

11. Fylgigögn

Sjá viðhengi. Matsblöð og gátlistar. Mat elstu barna á skólastarfi.

12. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Stjórnendur Leikskólans Skerjagarðs

Sóldís Harðardóttir

Guðfinna Kristjánsdóttir.

19. júní 2023

Reykjavík

i

Starfsáætlun 2023 – 2024 Leikskólinn Skerjagarður



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Sandra Ýr Dungdal formaður
- Guðrún Helga Kristjánsdóttir gjaldkeri.
- Telma Magnúsdóttir meðstjórnandi.
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Iðunn Svala Árnadóttir meðstjórnandi .
- Auður Karítas Ásgeirsdóttir meðstjórnandi.
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Skerjagarðs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Skerjagarðs fyrir skólaárið 2023-2024 til yfirlestrar og lýsir yfir mikilli ánægju með starf skólans.

Starfsfólk Skerjagarðs vinnur metnaðarfullt og faglegt starf með nemendum skólans. Það er mikil hlýja og jákvæðni í framkomu allra starfsmanna á Skerjagarði og er ekki hægt að lýsa leikskólaandanum öðruvísi en sem afslöppuðum og vinalegum.

Starfið sem er unnið á Skerjagarði er faglegt, þau nýta gagnreyndar og góðar aðferðir í gegnum allt sitt starf.

Foreldraráð Skerjagarðs lýsir yfir einstakri ánægju á starfi leikskólans með Vinaverkefni Blæ og Lubbi finnur málbein. Þessi verkfæri eru nýtt markvisst í skólastarfinu, það er t.d. sýnilegt foreldrum og

börnum hvaða máhljóð er verið að æfa á hverjum tíma, þar sem starfsfólk skólans hengir t.d. upp myndir af því í fataklefa. Þetta eykur líkurnar á því að foreldrar geti yfirfært kennsluna úr leikskólanum og nýtt það heima við. Vinaverkefnið Blær hefur verið innleitt á báðar deildir skólans þar sem yngri börnin fá strax tækifæri til þess að æfa vináttufærnina og starfsfólki leikskólans gefst tækifæri til að leggja sérstaka áherslu á þjálfun félags- og tilfinningafærni hjá hópnum.

Í starfi Skerjagarðs er lögð mikil áhersla á útiveru og að börnin fái að upplifa náttúruna. Þrátt fyrir þrálátt óveður veturinn 2022-2023 var augljóst að starfsfólk leikskólans reyndi að halda þessu við og fengu börnin að komast út eins oft og hægt var. Börnin fá svo að fara reglulega í fjöruferðir þar sem þau kynna náttúrunni betur og fá að upplifa heiminn í gegnum sín eigin skilningsvit.

Foreldrar í Skerjagarði finna fyrir því að starfsfólk kemur vel fram við börnin og að þeim sé mætt af virðingu og vináttu. Foreldrar fá reglulega sendar myndir úr skólastarfi og fá upplýsingar á hverjum degi á rauntíma um hvernig börnin borða og sofa. Þetta góða upplýsingaflæði er lýsandi fyrir skólann þar sem foreldrar og starfsfólk skólans er í góðu sambandi og vinna sameiginlega að velferð barnanna.

Það er aðdáunarvert hvernig starfsfólki tekst að nýta innra mat skólans til að vinna að raunverulegum umbótum á skólastarfi. Þar má sérstaklega nefna lýðræðislegu breytingarnar sem urðu í kjölfari af samræðum við eldri börn skólans varðandi matartíma þeirra. Það er því ljóst að skólinn starfar með Barnasáttmála Sameinuðupjóðanna í huga og þau hlusta á og bera virðingu fyrir skoðunum og löngunum barnanna á leikskólanum.

Starfsáætlunin lýsir vel því góða starfi sem fór fram á Skerjagarði í vetur. Almennt ríkir mikil ánægja og þakklæti foreldra til Skerjagarðs og starfsfólks hans. Það er fátt jafn mikilvægt fyrir foreldra og að vita að börnin þeirra eru í góðum höndum. Foreldrarráð Skerjagarðs lýsir hér með yfir ánægju og þakklæti til starfsfólks Skerjagarðs og vona að þau haldi áfram að vinna gott starf og þróa sig enn meira áfram á næstu árum.

Fyrir hönd foreldraráðs,
Iðunn Svala Árnadóttir.



Upplifun skólahóps 2023

1: Hvað er best við að vera í leikskóla / besta upplifun ?

2: Hvaða skoðun hafa þau á breyttu fyrirkomulagi á hádegismatnum / hlaðborðinu ?

3: Mundu þau vilja hafa matartímann öðruvísi ?

4: Hvernig finnst þeim Lubbastundir ?

5: Hvernig finnst er að fara í Blæstundir ? Er eitthvað sem væri betra að gera , eithvað sem þið viljið gera öðruvísi ?

6:Hvernig finnst ykkur að hafa öðruvísidaga ,

Svar barnanna:

1: Besta við að vera í leikskóla er að fá að leika, best að fá að ráða hvað maður leikur sér við og líka að það sé í lagi að það séu margir á sama stað. (aldrei fullt) Þeim finnst einnig best að eiga marga góða vini í leikskólanum. Besta að fara á mörg söfn, í strætó, syngja í Hörpunni og fara á veitingastað að borða pizzu.

2: Þeim finnst frábært að hafa hlaðborð í hádeginu, einnig sammála um að það sé frábært að fá að ráða sínu sæti sjálf. En þeim finnst engin ástæða að hafa hlaðborð í nónhressingiunni því þeim finnst gott að geta spjallað saman. En þeim finnst gott að ráða hvar þau sitja. Þau eru ánægð með matartímann.

3: Þau voru sammála umm að Lubbi væri ágætur . Hann var skemmtilegur þegar þau voru lítil. (Athuga framsettningu) En þau töluðu um að það hefði verið miklu skemmtilegar þegar þau máttu koma með hlut að heiman sem tilheyrði máhljóðinu.

4: Þeim finnst Blær skemmtilegur, en þau mundu viðja getað náð Meira í hann. Hann er allt of hátt uppi. Þeim langar einnig að búa til bæli fyrir hann þar sem Blær væri alltaf í. T.d gera einhverja körfu eða ílát sem hann gæti verið í og þau gætu skreytt það sjál. Síðan mundu þau vilja getað tekið hann, knúsað hann eða haft hann með í leik. Síðan mundu þau skila honum aftur í bælið sitt.

6: Þau voru öll sammála um að öðruvísidagar væru mjög skemmtilegir og frábært að fá ristað brauð á föstudögum. Vinastundin á bóli er líka mjög skemmtilegt. Sérstaklega gaman að hitta litlu systkinin sín.

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Leikskólinn Skerjagarður

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ Sumarfrí	1 F	1 S	1 M Foreldravíðtöl	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M Sumarfrí	2 L	2 M	2 F Foreldravíðtöl	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F Sumarfrí	3 S	3 Þ	3 F Foreldravíðtöl	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F Sumarfrí	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Brettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F Skólasit	6 L
7 M Frídagur verzlunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ Sumarfrí	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M Opnum eftir sumari	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknmálsins	11 M	11 F	11 L Opið hus	11 Þ	11 F Sumarfrí skerjagarðs
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M Ömmu og afakaffi	17 L	17 S	17 M	17 F Starfsdagur	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F Ömmu og afakaffi	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur - upphaf Þorra	19 M Starfsdagur	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M Foreldrakynning	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ Vetrarfrí í grunnskólum	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M	21 F Foreldrakynning	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ Skólasetning	22 F	22 S	22 M	22 F Starfsdagur	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F Vetrarfrí í grunnskólum	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M Fæðingardagur forseta Íslands (G.Th.)	26 F
27 S	27 M	27 F Starfsdagur	27 M	27 M Lokað	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F Lokað	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F Lokað	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir.
 Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.
 Skóladagatalið getur breyst með fyrirvara.

